

Efnisyfirlit

1.	Samantekt	Error! Bookmark not defined.
2.	Norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks	2
3.	Mannréttindi	4
4.	Sjálfbær þróun	6
5.	Frjáls för	8
6.	Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks	9
7.	Alþjóðlegt samstarf	11
8.	Starfsemi fyrir daufblinda	13
9.	Styrkir til norræns samstarfs samtaka	13
10.	Rannsóknir	13
11.	Samskipta- og upplýsingamál	14
12.	Þverfagleg sjónarhorn	14



1. Samantekt

Annað hvert ár gerir ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S) Norðurlandaráði grein fyrir samstarfinu á sviði fötlunarmála. Í þessari greinargerð er fjallað um valin verkefni og aðgerðir á vegum ráðherranefndarinnar sem ætlað er að auka inngildingu fólks með fötlun á tímabilinu 2022–2023. Sérstaklegar er fjallað um meginþætti norræns samstarfs, þ.e. mannréttindi, sjálfbæra þróun og frjálsa för.

Norrænt samstarf á sviði fötlunarmála er virkt, skilar norrænu notagildi og tekur einnig þátt á alþjóðlegum vettvangi, einkum í tengslum við Sameinuðu þjóðirnar (SP). Samstarfinu er ætlað að stuðla að sjálfbærri samfélagsþróun sem byggist á tækifærum Norðurlandabúa til einstaklingsfrelsis og sjálfseflingar. Samstarf norrænu landanna á sviði fötlunarmála sýnir gagnsemi og verðmæti inngildandi samfélags þar sem allt umhverfi er aðgengilegt og nýtist öllum, bæði stafrænt og í raunheimi. Í gegnum markmiðið um algilda hönnun verður samfélagið aðgengilegt öllum, ekki eingöngu fólki með fötlun.

Stefna í málefnum fatlaðs fólks felst í að byggja upp sjálfbært samfélag þar sem engin eru skilin út undan. Markmiðið er inngilding fatlaðs fólks á öllum sviðum samfélagsins. Stefnan mótast af réttindasjónarmiðum sem koma eiga til framkvæmda með innleiðingu [samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, UNCRPD](#). Framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar er að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir 2030. Samstarf um fötlunarmál gegnir mikilvægu hlutverki við framkvæmd framtíðarsýnarinnar. Það á einkum við um félagslega sjálfbær Norðurlönd þar sem algild hönnun, aðgengi og inngilding eru mikilvæg sjónarmið.

Norðurlönd eru einhuga um að aðgengi sé grundvallarforsenda þess að fatlað fólk geti lifað sjálfstæðu lífi og tekið þátt í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli. Þetta var staðfest með ráðherryfirlýsingunni „Declaration from the Nordic ministers of health, care and social issues on strengthened Nordic co-operation on digital solutions for persons with disabilities“ sem félags- og heilbrigðisráðherrarnir undirrituðu á Íslandi þann 22. mars 2023.

Öllum aðgerðum sem heyra til [framkvæmdaáætlunarinnar 2018–2022](#) er nú lokið með viðunandi hætti og ný samstarfsáætlun hefur verið samþykkt.

2. Norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks

Framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar heyrði undir ráðherranefndina um félags- og heilbrigðismál. Mörg fagsvið tóku þátt í framkvæmd hennar.



Framkvæmdaáætlunin byggðist á samningi SP um réttindi fatlaðs fólks (UNCRPD), heimsmarkmiðum SP og framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar um samþætt Norðurlönd.

Óháð úttekt frá árinu 2021 sýnir að aðgerðir síðustu fjögurra ára hafa skilað norrænni nytsemi og að samstarfið hefur stuðlað að uppfyllingu framtíðarsýnarinnar um að Norðurlönd verði félagslega sjálfbær og samfélagið algilt, aðgengilegt og inngildandi.

Allt árið 2022 stóð yfir frekari þróun á norrænu samstarfi í fötlunarmálum í kjölfar framkvæmdaáætlunarinnar 2018–2022. Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar leiddi starfið. Norræna velferðarnefndin og Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks höfðu mikla aðkomu að ferlinu sem náði til allra fagsviða Norrænu ráðherranefndarinnar auk þess sem borgaralegu samfélagi og öllum þekktum samtökum fatlaðs fólks var boðið að leggja orð í belg.

Embættismannanefndin og ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál samþykktu tillögu að samstarfsáætlun í júní 2022. Norðurlandaráð fjallaði um áætlunina og samþykkti hana haustið 2022.

Áætlunin á að stuðla að uppfyllingu framtíðarsýnarinnar til 2030 með því að leggja áherslu á mannréttindi, þátttöku og frjálsa för. Ungt fólk, aðgerðir í tengslum við aukinn aðgengileika á vinnumarkaði og miðlun reynslu af stafrænum aðgengileika eru atriði sem nefnd eru sem áhersluatriði í norrænu samstarfi.

Aðilar að samstarfinu

[Norræn samstarfsáætlun um fötlunarmál 2023–2027](#) er stefnumótandi samstarfsskjal Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði fötlunarmála og byggist á tillögum úr aðgerðum síðustu tveggja framkvæmdaáætlana, úttektum og viðeigandi stefnumótunarskjölum í norrænu og alþjóðlegu samstarfi.

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar ber almenna ábyrgð á áætluninni. Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks (Fötlunarráðið) veitir ráðgjöf í öllu opinberu norrænu samstarfi. Ráðið tók þátt í gerð áætlunarinnar og margir meðlimir þess taka virkan þátt í framkvæmd aðgerða. Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) ber ábyrgð á styrkjakerfi fyrir norrænt samstarf öryrkjasamtaka, norrænni starfsemi fyrir fólk með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, sér um skrifstofuhald fyrir Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks og veitir aðstoð við framkvæmd áætlunarinnar.

Skýrslur

Niðurstöður úr norrænu samstarfi í fötlunarmálum eru kynntar fyrir embættismannanefndinni um félags- og heilbrigðismál reglulega og Norðurlandaráði



annað hvert ár. Upplýsingar um samþættingu fötlunarsjónarmiða í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar eru veittar árlega. Óháð úttekt á samstarfsáætluninni verður gerð á áætlunartímanum, 2023–2027.

Nánari upplýsingar má nálgast í síðustu skýrslum:

- [Ársskýrsla Norræna ráðsins um málefni fatlaðs fólks 2022](#)
- [Norrænt samstarf fyrir öll – Samþætting fötlunarsjónarmiða í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar 2022](#)

3. Mannréttindi

Markmið framkvæmdaáætlunar norræns samstarfs á sviði fötlunarmála tímabilið 2018–2022 var að styðja og efla starf að innleiðingu og eftirliti með samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (UNCRPD) í löndunum.



Öll Norðurlöndin hafa fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (UNCRPD) og hrinda markmiðum og grundvallarreglum samningsins í framkvæmd í stjórnkerfinu. Finna má margar sameiginlegar áskoranir og svipaða þörf á aukinni og betri þekkingu og góðum dæmum um vel heppnaða framkvæmd.

Verkefni á þessu áherslusviði styðja vinnu við innleiðingu samnings SP um réttindi fatlaðs fólks en ná einnig til annarra samninga og starfs að mannréttindum og málefnum fatlaðs fólks almennt séð.

Aðgerðir vegna innleiðingar á mannréttindasáttmálum SP hafa staðið yfir allt tímabil framkvæmdaáætlunarinnar og færast yfir í samstarfsáætlunina fyrir 2023–2027 sem áherslusvið. Aðgerðirnar hafa að miklu leyti verið unnar af formennskulöndunum í samstarfi við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar og Norrænu velferðarmiðstöðina.

Sérfræðimálþing um innleiðingu samnings um réttindi fatlaðs fólks (CRPD)

Vorið 2022 skipulagði Noregur undir formennsku sinni sérfræðingamálþing um framkvæmd samningsins um réttindi fatlaðs fólks. Erlendir og norrænir sérfræðingar skiptust á reynslu og ræddu innleiðingu samningsins. Eilíonir Flynn prófessor hélt opunarfyrirlestur um lagalegar hindranir í vegi fyrir innleiðingu samningsins í Evrópu. Einnig hélt ástralska baráttukonan fyrir mannréttindum og réttindum fatlaðs fólks, Rosemary Kayess, fyrirlestur. Hún talaði um réttinn til sjálfstæðs lífs og áherslur



mannréttindasáttmálans á réttinn til þess að þurfa ekki að búa á stofnun vegna fötlunar. Anja Hynne Nielsen, umboðsmaður fatlaðs fólks á Grænlandi, hélt einnig erindi og sagði frá því hvaða þýðingu sjálfstjórnin hefur fyrir vinnuna að réttindum fatlaðs fólks. Á málþinginu komu saman fulltrúar háskólasamfélagsins, stjórnvalda og hagsmunasamtaka.

Samstarfsnet um miðlun reynslu og öflun þekkingar á sviði fötlunarmála

Samstarfsnetinu var komið á fót árið 2021 að frumkvæði rannsóknar- og þróunaraðila. Á vegum samstarfsnetsins fara fram vefþing og faglegar umræður. VIVE (Det Nationale Forsknings- og Analysecenter for Velfærd) í Danmörku heldur utan um samstarfsnetið og aðgerðir þess. Á vegum VIVE starfar hópur sérfræðinga frá Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Íslandi og Noregi. Hópurinn tekur þátt í að ákveða þemu og dagskrá vefþinga og annarra aðgerða. Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar fjármagnar verkefnið til 2025 og Norræna velferðarmiðstöðin sinnir verkefnastjórn.

Á árinu 2022 voru haldin vefþingin „How is support for people with disability organized – experiences from the Nordic region“ og „Equal right to education - Inclusive schools and the organization of individual support“.

Fundur sérfræðinga frá Norðurlöndum og Eystrasaltslöndunum um stefnu í fötlunarmálum

Í mars 2022 var annar fundur Norðurlanda og Eystrasaltslandanna um stefnu í fötlunarmálum og framkvæmd hennar haldinn í Tallinn. Fundurinn var haldinn í tengslum við verkefni um norrænt-baltneskt samstarf um félags- og heilbrigðismál. Vísindamenn, fulltrúar stjórnvalda og fulltrúar hagsmunasamtaka tóku þátt. Þema fundarins var þríþætt:

- Núverandi stefna og aðgerðir í fötlunarmálum.
- Aðgengisstefna og yfirlit yfir þekkingu í aðgengismálum.
- Innleiðing samnings SP um réttindi fatlaðs fólks.

Frumbyggjar og fötlun

Finnland stóð í formennskutið sinni í Norrænu ráðherranefndinni 2021 fyrir viðburðinum „Indigenous peoples: language, culture, and lifecycle“ sem haldinn var bæði stafrænt og í raunheimum. Viðburðurinn var haldinn á Sajos, finnska Samþinginu, tvo daga í ágúst 2021. Á ráðstefnunni var rætt hvernig megi innleiða og framfylgja réttindum fyrir norræna frumbyggja með fötlun og um þarfir frumbyggja með heilabilun á strjálbýlum svæðum.

Frumbyggjar og málefni fatlaðs fólks er gegnumgangandi þema í framkvæmdaáætluninni fyrir árin 2018–2022. Viðburðurinn á Sajos var



samstarfsverkefni eftirfarandi aðila: Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar, Norræns samstarfsnets um heilabilun, Norræna ráðsins um málefni fatlaðs fólks, félags- og heilbrigðisráðuneytis Finnlands, finnsku heilbrigðis- og velferðarstofnunarinnar (THL), Samþingsins í Finnlandi, SámiSoster, ráðgjafanefndar um réttindi fatlaðs fólks (VANE) og finnsku mannréttindamiðstöðvarinnar.

Árið 2022 birti Norræna velferðarmiðstöðin textaða útgáfu af vefþinginu sem nálgast má hér:

[DAY 1: Indigenous peoples: language, culture and life cycle](#)

[DAY 2: Indigenous peoples: language, culture and life cycle](#)

4. Sjálfbær þróun

Sjálfbær þróun á sviði fötlunarmála felur í sér að auka inngilding, ýta undir jafnrétti og vinna á móti mismunun gegn fötluðu fólki á öllum stigum norræns samfélags með algildri hönnun og markvissri samþættingu fötlunarsjónarmiða í vinnuna að sjálfbærri þróun.



Markmiðið með vinnunni í tengslum við sjálfbæra þróun á sviði fötlunarmála er að uppfylla framtíðarsýnina um félagslega sjálfbær og samkeppnishæf Norðurlönd.

Ráðherryfirlýsing um aukið norrænt samstarf um stafrænar lausnir

Í mars 2023 kynnti Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra Íslands, ásamt norrænu félags- og heilbrigðisráðherrunum [ráðherryfirlýsingu um stafrænar lausnir fyrir fatlað fólk](#). Ráðherryfirlýsingin er í samræmi við tilskipun ESB, European Accessibility Act, sem kveður á um að stjórnvöld og einkageirinn í hverju landi fyrir sig tryggi aðgengi allra að tilteknum vörum og þjónustu. Meginmarkiðið er að stuðla að hönnun fyrir alla á Norðurlöndum, sem byggir á meginreglunni um að vörur og þjónustur megi nota í sem mestum mæli af öllum einstaklingum óháð líkamlegri eða vitsmunalegri getu.

Ráðstefna: Listir og menning fyrir alla

Listir og menning á að vera öllum aðgengileg og allir eiga að hafa rétt á því að þroska listræna hæfileika sína. Að undirlagi Norrænu ráðherranefndarinnar hélt Norræna velferðarmiðstöðin ráðstefnuna *Listir og menning fyrir alla – Ráðstefna um menningu og málefni fatlaðra á Norðurlöndum* í ágúst 2022.



Umgjörð ráðstefnunnar, sem haldin var á sænska þjóðminjasafninu (Nationalmuseet) og nýlistasafninu (Moderna museet) í Stokkhólmi, átti sinn þátt í velgengni viðburðarins. Á ráðstefnunni var kynnt alþjóðleg samantekt á þekkingu á efninu í norrænu samhengi. Ýmsar lista- og menningarstofnanir kynntu fjölbreyttar tjáningarmyndir lista og menningar. Kynntar voru árangursríkar aðgerðir frá öllum Norðurlöndum þegar kemur að því að ryðja úr vegi hindrunum sem koma í veg fyrir að fatlað fólk geti notið, framleitt og unnið við listir og menningu.

Á meðal fyrirlesara á ráðstefnunni var Jan Grue, prófessor og rithöfundur, og eitt tónlistaratriðanna var flutt af Universal Orchestra sem Norræni menningarsjóðurinn styrkir.

Ráðstefnan var vettvangur tengslamyndunar þvert á lönd og málefnasvið. Þátttakendurnir 150 voru fulltrúar innlendra og norrænna menningaryfirvalda, -samtaka og -stofnana. Ráðstefnunni lauk með pallborðsumræðum þar sem forystufólk norrænna menningarstofnana lýsti vilja til þess að vinna áfram með þemað list fyrir alla.

Sambætting fötlunarsjónarmiða í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar

Út allt tímabil framkvæmdaáætlunarinnar hefur verið unnið að sambættingu fötlunarsjónarmiða í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar. Vinnunni er haldið áfram í nýju áætluninni undir stjórn skrifstofu Norræna ráðsins um málefni fatlaðs fólks í nánu samstarfi við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar.

Sambætting fötlunarsjónarmiða í norrænu ríkisstjórnasamstarfi snýst um vitundarvakningu, sambættingu og eftirfylgni fötlunarsjónarmiða í málaflokkunum og innra starfi að aðgengi á skrifstofu og hjá stofnunum Norrænu ráðherranefndarinnar. Markmiðið er að öll viðeigandi fagsvið, stjórnir og stofnanir í norrænu samstarfi hafi snertiflöt við fötlunarsjónarmið. Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks veitir ráðgjöf og fylgir starfinu eftir í gegnum skrifstofu ráðsins.

Starfsumboð innra samstarfsnets vegna sambættingar fötlunarsjónarmiða á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar var framlengt í þessu skyni árið 2021. Samstarfsnetið er skipað aðalráðgjöfum og ráðgjöfum af viðeigandi sviðum auk samskiptadeildarinnar. Árlega er haldið málþing fyrir samstarfsnetið og meðlimi Norræna ráðsins um málefni fatlaðs fólks. Árið 2022 var yfirskrift málþingsins *Hvernig er fötluðu fólki mismunað á Norðurlöndum?* og árið 2023 var þema málþingsins tölfræði um börn og ungt fólk með fötlun. Þemun styðja við markmið samstarfsáætlunarinnar um að finna einn eða fleiri þróunarvísa til þess að lýsa þróun inngildingar barna og nemenda og mismunun gegn fötluðum einstaklingum.




Líkön og kerfi fyrir einstaklingsmiðaða aðstoð og þjónustu

Haustið 2022 birtu Norræna velferðarmiðstöðin og finnska heilbrigðis- og velferðarstofnunin, THL, skýrsluna „Einstaklingsmiðuð aðstoð og þjónusta við fatlað fólk – norræn líkön.“ Markmiðið með verkefninu var að kortleggja hvaða líkön að einstaklingsmiðaðri aðstoð og þjónustu geta stutt við framkvæmd samnings SP um réttindi fatlaðs fólks. Einkum á það við um 19. grein samningsins sem fjallar um réttinn til sjálfstæðs lífs og þátttöku í samfélaginu.

Verkefnið var liður í formennskuáætlun Finnlands í Norrænu ráðherranefndinni 2021 og var unnið í samstarfi við finnskt tilraunaverkefni með eigin fjármögnun. Meðlimir Norræna ráðsins um málefni fatlaðs fólks og aðrir sérfræðingar hafa lagt verkefninu lið. Skýrsla verkefnisins var meðal þess sem lagt var til grundvallar við umfangsmiklar breytingar í velferðarmálum í Finnlandi.

5. Frjáls för

Út alla framkvæmdaáætlunina er það vinnan í tengslum við frjálsa för og afnám stjórnsýsluhindrana sem einkum hefur áhrif á fatlað fólk. Þrátt fyrir að mörgum hindrunum hafi verið rutt úr vegi og að ýmiss konar kortlagningar og verkefni standi yfir stendur fatlað fólk enn frammi fyrir mörgum hindrunum. Það má að hluta til rekja til þess að fötlunarsjónarmiðið er ekki nógu skýrt eða að fjarlægja þarf hindranir til þess að fatlaðir einstaklingar með sérstakar þarfir geti með einföldum hætti nýtt sér þau tækifæri til frjálsrar farar á milli landanna sem eru til staðar.



Aðgerðir á þessu sviði tengjast vinnu ESB við að ryðja úr vegi hindrunum fyrir fatlað fólk. Aðgerðirnar á þessu áherslusviði stuðla að frjálsri för fólks sem stendur frammi fyrir stjórnsýsluhindrunum vegna skerts aðgengis. Frjáls för verður áfram eitt af áherslusviðum nýju samstarfsáætlunarinnar fyrir tímabilið 2023–2027.

Tákn án landamæra? – Hreyfanleiki og táknmál á Norðurlöndum

Í september héldu Norðurlandaráð heyrnarlausra, Norðurlandaráð heyrnarlausra ungmenna og Norræna velferðarmiðstöðin ráðstefnu um táknmál og hreyfanleika. Á meðal þátttakenda var forystufólk túlkajónustunnar, stjórnsýsluhindranaráðið og hagsmunasamtök heyrnarlausra á Norðurlöndum og í ESB.



Heyrnarlaust og heyrnarskert fólk sem notar táknmál upplifir stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum. Ólíkar reglur, mismunandi framkvæmd, afgreiðslutími, skortur á táknmálstúlkum og skortur á samnorrænum kennitölum eða auðkennistölum eru á meðal þeirra hindrana sem táknmálsnotendur mæta þegar þeir ferðast yfir landamæri. Fatlað fólk upplifir aðrar og fleiri stjórnsýsluhindranir en ófatlað fólk þegar það ferðast eða flytur á milli norrænu landanna.

Táknmálsnotendur þurfa að nota táknmál til þess að eiga samskipti og taka þátt í samfélaginu. Þeir þurfa táknmálstúlkun á sínu eigin máli þegar þeir starfa eða stunda nám í öðru landi eða dvelja þar af öðrum ástæðum. Reglur sem takmarka túlkaaðstoð við útlendinga í öðrum norrænum löndum reynast þeim því hindrun. Skýrsla um verkefnið kom út vorið 2022 og þar eru teknar saman tillögur af málþinginu um að ryðja stjórnsýsluhindrunum úr vegi. Nánari upplýsingar: [Tákn án landamæra? – Hreyfanleiki og táknmál á Norðurlöndum | NVC \(nordicwelfare.org\)](#)

Málþing: Inclusive Nordic Travel

Í formennskutíð Noregs stóð menningar- og jafnréttisráðuneytið ásamt ungmenna- og fjölskyldustofu Noregs (Bufdir) fyrir ráðstefnunni *Inclusive Nordic Travel* í Ósló í nóvember 2022 í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina og Norrænu velferðarmiðstöðina. Að sögn Önnu Bjørshol, formanns Norræna ráðsins um málefni fatlaðs fólks og ábyrgðarmanns ráðstefnunnar, var markmiðið með ráðstefnunni og vinnunni á þessu sviði að öllum væri kleift að ferðast um Norðurlönd og til þess að svo megi verða þurfum við inngildandi ferðapjónustu og algildar lausnir. Anette Trettebergstuen, menningar- og jafnréttisráðherra Noregs, setti ráðstefnuna.

Kynnt voru góð dæmi um algilda hönnun í upplifunar- og ferðapjónustu á Norðurlöndum. Þátttakendur á staðnum á ráðstefnunni fengu að reyna raunverulegt dæmi um aðgengilega ferðapjónustu í siglingu um Óslóarfjörð með skipinu Legacy of the Fjords. Skipið er smíðað þannig að allir geti notið norskrar náttúru óháð fötlun og sem dæmi má nefna að engar tröppur eru um borð í því.

6. Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks

Verkefni Norræna ráðsins um málefni fatlaðs fólks er að veita stuðning og ráðgjöf og miðla þekkingu til allra fagsviða Norrænu ráðherranefndarinnar. Ráðið er skipað átta sérfræðingum í málefnum fatlaðs fólks sem tilnefndir eru af yfirvöldum aðildarlandanna (t.d. frá ráðuneytum, stjórnvaldsstofnunum eða





rannsóknarstofnunum) og átta sérfræðingum frá samtökum fatlaðs fólks á Norðurlöndum. Norræna ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S) stofnaði ráðið og nýtt starfsumboð var samþykkt árið 2022. Umboðið gildir til fimm ára, frá 2023 til 2027. Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks fundar tvisvar sinnum á ári.

Meðlimir ráðsins eru tengiliðir innan landa sinna og sérfræðingar gagnvart Norrænu ráðherranefndinni. Ráðið gegnir virku hlutverki í þróun og framkvæmd allra aðgerða í framkvæmdaáætlun ráðherranefndarinnar vegna norræns samstarfs í málefnum fatlaðs fólks. Ráðið tekur þátt í þróun norræns samstarfs og á frumkvæði að nýjum aðgerðum.

Formennska skiptist á milli landanna í samræmi við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni. Starfsnefndin 2023 samanstendur af formanninum Þór G. Þórarinssyni frá Íslandi, formanni ráðsins 2024, Ola Balke frá Svíþjóð, og einum fulltrúa frá samtökum fatlaðs fólks í formennskulandi síðasta árs (2022), Tom Tvedt frá Noregi.

Nánari upplýsingar um meðlimi ráðsins og starfsemi þess má nálgast hér: <https://nordicwelfare.org/funktionshinder/funktionshindersradet/>

Fundir í Norræna ráðinu um málefni fatlaðs fólks 2022 og 2023

Ný áætlun og rannsóknir

Fyrri fundurinn af tveimur var haldinn í húsakynnum Norræna rannsóknaráðsins í Ósló 23. og 24. mars. Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar lagði tillögu að áætlun um norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks 2023–2027 fyrir ráðið. Ráðið ræddi tillöguna og kom með margar ábendingar og athugasemdir. Meðlimir ráðsins voru einnig hvattir til þess að koma með ábendingar í gegnum könnun á netinu.

Tvö örmálþing voru haldin í tengslum við fund ráðsins: Um rannsóknir á fötlunarmálum á Norðurlöndum og um atvinnuþátttöku og líf skjör fatlaðs fólks. Þá var farið í skoðunarferð á Munch-safnið til þess að skoða aðgengismál.

Noregur stóð sem formennskuland fyrir málþingi fyrir sérfræðinga um innleiðingu á samningi SP um réttindi fatlaðs fólks daginn eftir fund ráðsins. Meðlimir ráðsins tóku þar þátt og héldu erindi.

Afleiðingar af krísum og átökum

Annar fundur ráðsins var haldinn í Stokkhólmi 24. og 25. nóvember. Þar var kastljósinu beint að afleiðingum af krísum fyrir fatlað fólk. Allan seinni daginn stóð yfir málþing sérfræðinga með samtökum, fræðimönnum og fulltrúum yfirvalda sem vörpuðu ljósi á aðstæður fatlaðs fólks í tengslum við krísur og faraldra og á flóttu. Fötlunarráðið samdi



ályktun sem gefin var út eftir fundinn. Stjórnarformanni samtaka ungs fatlaðs fólks í Noregi var boðið til fundarins. Þátttaka samtaka ungs fólks skilaði sér í aukinni áherslu á sjónarmið barna og ungmenna í þeim málum sem fjallað var um og rædd voru á fundinum.

Ráðið hefur tekið virkan þátt í gerð samstarfsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árin 2023–2027 og á fundinum var haldin vinnustofa þar sem fjallað var um það hvernig skipuleggja skuli og framkvæma þær aðgerðir sem lýst er í áætluninni.

Á árinu 2023 á að stofna nýtt Fötlunarráð sem á að veita ráðgjöf við stofnumótun Norrænu ráðherranefndarinnar og vera tengiliður landanna fyrir fag- og hagsmunaaðila og -samtök og -stofnanir þegar kemur að málefnum fatlaðs fólks. Í febrúar 2023 var hið nýja Fötlunarráð stofnað samkvæmt endurnýjuðu umboði.

Stafrænt aðgengi og nýsköpun

Fyrsti fundurinn á árinu 2023 var haldinn í húsakynnum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins á Íslandi þann 31. maí. Meginþema fundarins var nýsköpun og stafrænt aðgengi. Einn dagur var helgaður málþinginu *Co-creating for a better future* þar sem undirþemu voru tvö, *Can new thinking change the tide in the services for persons with disabilities?* og *Electronic data and service access for persons with disabilities*.

Formennska Íslands, Öryrkjabandalag Íslands, Þroskahjálp og félags- og vinnumarkaðsráðuneytið buðu þátttakendum jafnframt í kynningarferð með áherslu á nýsköpun þegar kemur að nálgun, framkvæmd og samstarfi. Hluti af þéttri dagskrá fundarins var einnig vefmálþingið *Beyond Accessibility: Building leaders with disability in government and public sector roles*. Sænska stofnunin um þátttöku, Myndigehten för delaktighet, tók einnig þátt í að halda vefmálþingið sem var liður í því að efla ungt fatlað fólks til forystu.

7. Alþjóðlegt samstarf

Norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks á veita gott fordæmi á alþjóðavettvangi um inngildingu fatlaðs fólks og innleiðingu fötlunarsjónarmiða. Bæði 2022 og 2023 tók norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks þátt í árlegum fundi SP um samning um réttindi fatlaðs fólks (CRPD) í New York (UN COSP).

Árlegur fundur aðildarríkja samnings SP um réttindi fatlaðs fólks (CPRD)



Frumbyggjar og umhverfi

Árið 2022 bauð Noregur í krafti formennsku sinnar fulltrúum SP og öðrum þátttakendum fundarins til hliðarviðburðarins „*Indigenous persons with disabilities – challenges and opportunities posed by environmental change*“. Á meðal þeirra sem héldu erindi voru Gry Haugsbakken, ráðuneytisstjóri menningar- og jafnréttisráðuneytisins í Noregi, Runar Myrnes Balto frá Noregi, þingmaður Samþingsins sem fer með málefni fatlaðs fólksog Astrid Krag, félags- og öldrunarmálaráðherra frá Danmörku.

Umfjöllunarefnið var að loftslags- og umhverfistjón og loftslagsaðgerðir skapa sérstakar áskoranir fyrir fatlað fólk og frumbyggja. Hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og umhverfisins kemur verr niður á frumbyggjum. Fatlað fólk í frumbyggjasamfélögum er í sérstaklega viðkvæmri stöðu þegar kemur að veðuröfgum og loftslagshamförum. Á sama tíma hvílir sú skylda á herðum ríkjanna að bregðast við loftslagsvánni með því að koma upp sjálfbærri velferðarþjónustu við fatlað fólk. Rætt var hvernig aðlaga megí velferðarþjónustu að þörfum fatlaðra frumbyggja með hliðsjón af tengingu þeirra við landið, náttúruna og hefðbundna þekkingu.

[Hér má sjá málþingið í heild.](#)

Stafrænt aðgengi

Árið 2023 stóð Ísland í formennskutíð sinni fyrir hliðarviðburði á fundi aðildarríkja SP. Yfirskriftin var „Co-creating digital solutions for persons with disabilities“ og var þar fjallað um þörfina á aukinni áherslu á aðgengileika og notendavænleika við þróun stafrænna lausna í velferðarþjónustu við fatlað fólk. Áhersla var á stefnu varðandi samstarf um sköpun stafrænna lausna fyrir fatlað fólk. Í samræmi við yfirlýsingu ráðherranna töluðu norrænu löndin um að finna lausnir sem stuðla að fullri og árangursríkri þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu og að nýta kosti stafrænnar þróunar.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra Íslands, og Gry Haugsbakken, ráðuneytisstjóri menningar- og jafnréttisráðuneytis Noregs, settu málþingið. Fulltrúar frá samtökum ungs fatlaðs fólks lögðu einnig orð í belg. Það voru: Eiður Welding Axelsson frá Öryrkjabandalagi Íslands, Johanna Forsberg, Youth with Disabilities Federation í Svíþjóð, Siri Espe, The Norwegian Association of Youth with Disabilities og Sunna Dögg Ágústsdóttir frá Þroskahjálpi.

[Hér má sjá málþingið í heild.](#)

Nýsköpunarverðlaun ZERO

Verkefnið „Atvinnulíf framtíðarinnar fyrir fatlað fólk“ sem lauk árið 2021 hefur vakið alþjóðlega athygli. Stofnunin Zero Project, sem nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar, taldi verkefnið á meðal 76 mest nýskapandi verkefnanna í alþjóðlegum samanburði árið 2021. Verkefnið var sagt stuðla að því að gera Norðurlönd samkeppnishæfari og sjálfbærari með því að kortleggja tæknilega lausnir og greina frá góðum aðferðum og



félagslegri nýsköpun í því skyni að auka inngildingu fatlaðs fólks í atvinnulífinu. Verkefnastjórinn Lars Lindberg frá Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni kynnti verkefnið á ráðstefnunni The Zero Project Conference 2022, #ZeroCon22, í Vínarborg.

8. Starfsemi fyrir dauflinda

Starfsemi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar fyrir dauflinda miðast að því að veita einstaklingum með sjón- og heyrnarskerðingu og dauflindu jöfn tækifæri í samfélaginu. Þetta er tiltölulega lítið svið innan hvers lands fyrir sig og því skiptir norrænt samstarf og þekkingaröflun miklu máli.

Í september 2022 var haldin ráðstefnan *Today's knowledge for tomorrow's actions – a Nordic perspective on Deafblindness*. Yfir 200 þátttakendur komu saman á þessari fjögurra daga fagþróunarráðstefnu í Tampere í Finnlandi. Finnland tók sem formennskuland í Norrænu ráðherranefndinni 2021 þátt í því að halda þessa ráðstefnu. Á ráðstefnunni voru kynntar erlendar rannsóknir og skapaðist þar vettvangur til þess að skiptast á þekkingu og mynda tengslanet og efla norrænt samstarf.

Starfsemin fyrir dauflinda sameinar fjögur norræn samstarfsnet fyrir sérfræðinga og fagfólk auk þess sem árlega er haldinn fundur fyrir forystufólk á sviðinu á Norðurlöndum. Haldin eru námskeið og málþing og gefið er út rafrænt fræðsluefni fyrir fagfólk, sérfræðinga og forystufólk sveitarfélaga og stofnana.

[Hér má lesa meira um starfsemina fyrir dauflinda.](#)

9. Styrkir til norræns samstarfs samtaka

Árlega úthlutar Norræna velferðarmiðstöðin um einni og hálfri milljón sænskra króna til samstarfs á milli samtaka fatlaðs fólks á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum. Áður var um tvær auglýsingar að ræða, eina fyrir samstarfsnet og eina fyrir verkefni. Nú verður hægt að sækja um úthlutun til aðgerða vegna samstarfsneta sem hægt verður að tengja við verkefni. Umsóknunum fer fjölgandi og styrkjakerfið stuðlar að miðlun reynslu og þekkingar og þróun. 2023 var fyrsta árið þar sem eingöngu ein auglýsing var. 35 verkefni fengu styrk. Styrkupphæðin er frá 15.000 til 190.000 SEK. Fylgst verður með hvernig breyting á auglýsingu hefur áhrif á möguleika á samstarfi á milli stofnananna.

[Hér má lesa meira um styrkjakerfið.](#)

10. Rannsóknir



Tímaritið Nordic Welfare Research birtir fjölbreyttar greinar um velferðartengd málefni á Norðurlöndum, þ. á m. um málefni fatlaðs fólks. Á tímabilinu 2021–2023 komu út sex tölublöð af tímaritinu. Tímaritið er gefið út af Universitetsforlaget AS (Scandinavian University Press) og rannsóknarmiðstöðinni Fafo fyrir hönd Norrænu velferðarnefndarinnar.

[Hér má lesa tímaritið](#)

11. Samskipta- og upplýsingamál

Norræna velferðarmiðstöðin birtir reglulega upplýsingar um norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks á heimasíðu sinni og í samfélagsmiðlum. Samstarf er í gildi við Fötlunarráðið um stefnu um miðlun upplýsinga um norrænt samstarf innan hvers lands.

12. Þverfagleg sjónarhorn

Sjónarmið réttinda barna og málefna ungs fólks

Í því skyni að gera sjónarmiðum réttinda barna og málefna ungs fólks hærra undir höfði í norrænu samstarfi um málefni fatlaðs fólks er haldinn árviss samráðsfundur með fulltrúum hagsmunasamtaka ungs fatlaðs fólks. Efni og dagskrá fundanna skal miðast við þarfir og óskir barna og ungmenna. Jafnframt skal finna nýjar leiðir til þess að taka tillit til sjónarmiða barna og ungmenna við ákvarðanatöku fullorðinna og í kerfum sem oft miðast við fullorðna. Í samstarfsáætlun um málefni fatlaðs fólks er fjallað um fund með fulltrúum hagsmunasamtaka sem Norræna velferðarnefndin á að halda í samstarfi við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Fundurinn er liður í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar varðandi Framtíðarsýn okkar 2030, einkum hvað viðvíkur markmiði 9 um gæði, jafnræði og öryggi í heilbrigðis- og velferðarþjónustu fyrir alla og markmið 11 um að veita borgaralegu samfélagi á Norðurlöndum, einkum börnum og ungu fólki, sterkari rödd, auka aðild þeirra að norrænu samstarfi og þekkingu á tungumálum og menningu frændþjóðanna.

Jafnrétti

Tilnefning til Norræna ráðsins um málefni fatlaðs fólks á sér stað innan hvers lands og sér embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál um samræmingu. Sum lönd hafa tilnefnt jafn marga karla og konur en þó ekki öll. Jafnrétti og líf skjör eru þættir sem fjallað er um í tengslum við verkefni, kortlagningar o.s.frv. Ójöfnuður í þessu tilliti er greindur markvisst og gerðar athugasemdir þar að lútandi.



Sjálfbær þróun

Norræna ráðið um málefni fatlaðs fólks og Norræna velferðarmiðstöðin taka þátt í framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2030. Inngilding fatlaðs fólks leikur lykilhlutverk þegar kemur að uppfyllingu markmiðanna í framkvæmdaáætluninni, einkum með tilliti til hins félags- og efnahagslega þáttar sjálfbærrar þróunar. Jafnframt taka bæði ráðið og Norræna velferðarmiðstöðin mið af viðeigandi heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna í störfum sínum.